



## FS\_ Tilkynning um kæru nr\_ 172\_2024\_ stjórnvald\_

Búið til	8.1.2025 08:58:23
Höfundur	Snædís Karlsdóttir Bergmann
Móttekið dags.	12.12.2024 11:12:13
Tilheyrir	USK25010060 - Kæra til ÚUA nr. 172/2024 v. Leikskólans Sælukots

### Efni

FS\_ Tilkynning um kæru nr\_ 172\_2024\_ stjórnvald\_

### Upplýsingar

### Vinnsla

Móttekið dags.	12.12.2024 11:12:13	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	00.15.02 Kæur og dómsmál		
Lykilorð	Heilbrigðiseftirlit, kæurur		

### Þátttakendur

Frá	Guðjón Ingi Eggertsson
Til	
Cc	

### Innihald

Sæl.

Til upplýsingar.

Ræðum betur við tækifæri, ekki síðar en á þriðjudag.



Með kveðju,

**Guðjón Ingi Eggertsson**

Deildarstjóri umhverfiseftirlits

Sími: +354 411 1111

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: [www.reykjavik.is/trunadur](http://www.reykjavik.is/trunadur)

---

**Frá:** Heilbrigðiseftirlit <[heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is](mailto:heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is)>

**Sent:** fimmtudagur, 12. desember 2024 10:10

**Til:** Guðjón Ingi Eggertsson [REDACTED] >

**Efni:** FS: Tilkynning um kæru nr. 172/2024, stjórnvald.

---

**Frá:** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA

<[uua@uua.is](mailto:uua@uua.is)>

**Sent:** fimmtudagur, 12. desember 2024 10:06

**Til:** Heilbrigðiseftirlit <[heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is](mailto:heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is)>

**Afrit:** Rósa Magnúsdóttir [REDACTED] Óskar

Ísfeld Sigurðsson [REDACTED]

**Efni:** Tilkynning um kæru nr. 172/2024, stjórnvald.

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru, móttekin 10. desember 2024 þar sem kært er framferði fulltrúa heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í Leikskólanum Sælukoti 5. nóvember 2024.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða, **þ. á m. fundargerðir, uppdrættir, umsóknir, samskipti við aðila máls og**



Til Heilbrigðisráðuneytisins.

Efni: Kæra vegna framferðis fulltrúa heilbrigðisetirlits Reykjavíkur í Leikskólanum Sælukoti, 5.11.2024

### 1. Tildrög heimsóknar fulltrúa heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í Leikskólann Sælukot.

Leikskólinn Sælukot hefur stækkað við sig í húsnæði með nýbyggingu við austurenda tvílyftu álmunnar norðan við elstu álmur hússins. Leikskólinn hefur sótt um leyfi fyrir samsvarandi auknum fjölda barna og um samninga við Reykjavíkurborg um framlag borgarinnar vegna þeirra. Hluti af umsóknarferlinu er að heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur leggi mat á þetta nýja húsnæði út frá heilbrigðissjónarmiðum. Leikskólinn fót því fram á að eftirlitið sendi fulltrúa sína á staðinn til að taka út þetta nýja húsnæði.

Tveir fulltrúar heilbrigðiseftirlitsins boðuðu komu sína þriðjudaginn 5. nóvember 2024, klukkan eitt síðdegis. Þeir mættu á staðinn tæpum hálfum tíma síðar. Rekstrarstjóri leikskólans, Dídí, tók á móti þeim og fylgdi þeim um húsnæðið eftir óskum þeirra, en leikskólastjóri átti erindi fyrir leikskólann úti í bæ klukkan tvö og gat því ekki fylgt þeim úr því sem komið var um tímasetningu heimskóknarinnar.

### 2. Vinnubrögð fulltrúa heilbrigðiseftirlitsins í heimsókninni.

Í ljós kom að fulltrúarnir ætluðu sér að gera allherjarúttekt á húsnæði og lóð leikskólans alls, sem auðvitað var í góðu lagi. Nálgun þeirra við verkefnið miðaði sýnilega við úttekt á djúphreingerningu á húsnæðinu frekar en á daglegum þrifum. Þannig beindist athugun þeirra sérstaklega að flötum sem ekki eru í snertingu við börn eða starfsmenn og sæta því ekki daglegum þrifum en bíða djúphreingerningar sem hefðbundið fer fram í sumarlokun og á milli hátíða þegar færri börn eða engin eru í húsnæðinu.

Fljótlega fundu fulltrúarnir merki um umgang músar eða músa í húsnæðinu. Í neðri skáp í eldhúsi, þar sem geymt er leirtau sem ekki er í daglegri notkun eða notkun yfirhöfuð, fundu fulltrúarnir músaskít og eina af þeim músagildrum sem að venju höfðu verið lagðar út á þessari árstíð og þessari sérstaklega fundinn staður vegna ummerkja um mús eða mýs.

Það var auðvitað engin launung á því af hálfu leikskólans að ummerki höfðu greinst um tilvist músar eða músa í húsnæðinu. Segja má að það sé nær árviss viðburður þegar kólnar að hausti að mús eða mýs skjótist inn um opnar dyr um leið og fólk fer þar um. Til að varna þessu eru allar útidyr leikskólans sjálflokandi, en það dugir stundum ekki til og meira segja hefur sést til músa leika þennan leik, að hreinlega bíða færís um að skjótast inn í hlýjuna og auðvitað matarilminn ekki síður.

Viðbrögð leikskólans hafa ætíð verið þau að hafa útlagðar gildirur á þessum árstíma og umfram allt að varna því að tilfallandi óboðinn gestur í annað æti en agnið í gildrunum. Þetta hefur ætíð virkað mjög vel og tilfallandi mús eða mýs hafa veiðst áður en sýnileg ummerki um nærveru þeirra hafa birst. Starfsmenn leikskólans hafa því ætíð verið mjög vel á verði um mögulega heimsókn músa, sérstaklega að haustlagi. Það er mat byggingastjóra við nýbyggingar í leikskólanum að þær séu músaheldar eins og sérstaklega er stefnt að. Eins hafa iðnmeistarar í gegnum tíðina gert ráðstafanir til að varna því að mýs komist inn um eldri hluta húsnæðisins og byggingarstjóri nýbyggingarinnar nú metur þann hluta og húsnæðið í heild sinni músahelt. Það er því við að eiga mýs sem tilfallandi tekst að skjótast inn um opnar útidyr, eins og áður segir. Augljóslega fjölgar húsamúsum mjög mikið á svæðinu þegar líða tekur á sumarið svo aðsóknin að hlýju skjóli og mat verður mikil um leið og kólnar í veðri og fram að því að frost binda að mestu enda á tilvist húsamúsa utandyr.

Viðbrögð leikskólans hafa því miðað að því að hindra eftir bestu getu innkomu músa í húsnæðið, að fanga hratt og örugglega þær sem þó komast inn og að hindra að músaskítur eða -hland sé í snertingu við mat eða með öðrum hætti börn og fullorðna. Þannig er við dagleg þrif er sérstaklega gætt að ummerkjum um mús eða mýs og öll meðferð á matælum og matseld miðast við að mýs gætu verið í húsnæðinu.

Svo vildi til skömmu fyrir heimsókn heilbrigðisfulltrúanna að ummerki um mús eða mýs greindust í húsnæðinu. Sá starfsmaður sem undanfarin 15 ár hefur séð um föngun þeirra með góðum árangri var í barneignarfríi og nýkominn til starfa aftur áður en þessi tíðindi urðu. Sá starfsmaður sem í hennar stað sá nú um að leggja út músagildrur frá því í byrjun vetrar bar sig því miður ekki rétt að þannig að í eina eða tvær vikur neyttu innkomnar mýs agnisns í gildrunum áhættulaust. Þetta breyttist með endurkomu starfsmannsins úr braneignarfríi með þeim árangri að tvær mýs veiddust á tveim síðustu dögum fyrir heimsókn heilbrigðisfulltrúanna. Önnur þeirra veiddist í gildru í áður nefndum neðri eldhússkáp og í þeirri von að fleiri mýs, en til væru, myndu venja komur sínar í þennan skáp var gildra höfð í honum og þess gætt að þrífa ekki ummerki um fyrri heimsóknir músa eða músar til að styggja ekki þá eða þær sem líka rynnu á lyktina af agninu í gildrunni.

Það var ástæða þess að við komu heilbrigðisfulltrúanna var músagildra í umræddum skáp og merki þar um ferðir músar eða músa.

Við þennan fund á músagildru og músaskít í margnefndum eldhússkáp beindust athafnir heilbrigðisfulltrúanna að því að leita að öðrum ummerkjum um mýs í húsnæðinu. Lítil von var til þess að þau fyndust þar sem dagleg þrif náðu til og þar með í snertingu við börn eða fullorðna. Leitin að ummerkjum um mýs og önnur óþrif beindist enda að stöðum sem ekki sæta daglegum þrifum, eins og áður er getið.

### 3. Framkoma fulltrúa heilbrigðiseftirlitsins við rekstrarstjóra leikskólans.

Sem fyrr segir, fylgdi rekstrarstjóri, Dídí, fulltrúunum um húsnæðið. Við fund þeirra fyrrnefndu á músagildru og ummerkjum um mús eða mýs í áður nefndum neðri eldhússkáp skipuðu þeir Dídí í viðurvist starfsmanna í eldhúsi að tilkynna foreldrum barnanna í leikskólanum að sækja þau tafarlaust, leikskólanum væri hér með lokað. Dídí sagði að það kæmi ekki til greina og þjónaði varla tilgangi svo stuttu fyrir lok leikskóladagsins og óvíst hversu margir foreldrar yrðu í aðstöðu til að sinna kallinu. Þá fyrirskipaði fulltrúinn Dídí að hringja strax í meindýraeyði: „Call him now!“, var fyrirskipunin. Þessu svaraði Dídí eðlilega að hún tæki ekki við slíkum fyrirskipunum undir þessum aðstæðum. Eðlilegur og faglegur háttur á væri að ræða þessi mál inni á skrifstofu leikskólans. Að fenginni niðurstöðu á athugun fulltrúanna myndi hún gera umbeðnar ráðstafanir en ekki bregðast við fyrirskipunum í viðurvist starfsmanna líkt og komnir væru til valda nýir stjórnendur í leikskólanum.

Lyktir þessara samskipta urðu þær, að fulltrúa heilbrigðiseftirlitsins skildu eftir handskrifað blað með þessum fyrirmælum áður en þeir hurfu af vettvangi.

### 4. Aðgerðir meindýraeyðis.

Skömmu síðar kom leikskólastjóri leikskólans í hús að loknu erindi sínu fyrir leikskólann úti í bæ. Þá hafði verið haft samband við meindýraeyði sem féllst á að koma til starfa í lok leikskóladags. Leikskólastjóri hóf að skrifa foreldrum tölvupóst með tilkynningu um lokun leikskólans þegar heilbrigðisfulltrúarnir hringja í hann þeirra erinda að grennslast fyrir hvort búið væri að tilkynna foreldrum um lokun leikskólans og að þeir skyldu sækja börnin sín tafarlaust. Kröfðust þeir þess að fá sent afrit af tilkynningunni. Leikskólastjórinn svaraði því til, að í fyrsta lagi stríddi það gegn allri skynsemi að skipa foreldrum að sækja börnin sín svo skömmu fyrir venjuleg lok leikskóladagsins hjá

börnum þeirra og það vegna ástands sem virtist að mati fulltrúanna hafa varað dögum saman eða lengur hvort eð er. Í öðru lagi væru heilbrigðisfulltrúarnir ekki stjórnendur leikskólans þótt þeir hefðu neytt valds síns til að fyrirskipa lokun hans. Þangað næði vald þeirra en fráleitt yfir samskipti leikskólastjóra við foreldra barnanna. Hann neitaði þeim því um afrit af tölvupósti sínum til foreldra sem hann bað nú um frið til að ljúka við. Að öðru leyti sagðist leikskólastjórinn telja að fyrirskipun fulltrúanna um lokun leikskólans væri yfirdrifið, eða hver væri sú bráða heilsuvá sem steðjaði að börnum hans og starfsfólki að ekki mætti vinna úr málum með eðlilegum hætti. Svarið var að mýs bæru með sér óþrif. Það kallaði eðlilega á þá spurningu hvaða heilsufarslega vá stafaði af þessum óþrifum að teknu tilliti til þess viðbúnaðar sem alltaf er í gildi vegna hugsanlegrar tilvistar músa í húsnæði leikskólans og þegar þeirra verður vart ekki síður, eins og áður er rakið. Nánar til tekið hvaða sjúkdómshætta væri að þessum óþrifum. Leikskólastjórinn spyrði fulltrúana sem sérfræðinga um efnið. Þessu svöruðu fulltrúarnir í fyrstu með spurningu hvort leikskólastjórinn fylgdist ekki með fréttum! Það var sýnilega tilvísun í nýliðna atburði í leikskólanum Mánagarði. Leikskólastjórinn taldi það ekki svara spurningunni miðað við aðstæður í leikskólanum Sælukoti. Þá bentu fulltrúarnir honum á að Gúgla um efnið. Það sagðist leikskólastjórinn reyndar hafa gert fyrir löngu og fundið upplýsingar um válega sjúkdóma sem mýs gætu og bæru með sér úr umhverfi sínu, ...í Suður-Ameríku, en ekkert um það sama við Íslanðkar aðstæður. Eftir að hafa tjáð vandlætingu sína á því sem fulltrúarnir kölluðu „einkennilegt viðhorf“ leikskólastjórans til þessa máls, það er að segja til tilvistar músa í leikskólanum, þá upplýstu þeir hann um að mýs gætu borðið með sér ekólí gerla. Þar með var þessu samtali lokið að mestu.

#### 5. Afrakstur af aðgerðum meindýraeyðis.

Meindýraeyðir kom í leikskólann eftir lok leikskóladags þennan dag. Hann lagði út um það bil 30 smelligildrur víða um leikskólann ásamt mun fleiri límbloðum. Þannig var erfitt að ímynda sér að mús gæti hreyft sig í húsnæðinu án þess að festast við límbloð eða láta freistast af agninu í smelligildrunum. Þessar ráðstafanir endurtók meindýraeyðirinn næstu tvo daga. Afraksturinn var ein mús.

Af reynslu leikskólans má fullyrða, að þessi eina mús, sem virðist hafa verið eftir óveidd við komu heilbrigðisfulltrúanna, hefði líka gengið í gildrur starfsmannsins leikskólans innan skamms. Þetta sjónarspil valds sem fulltrúarnir settu á svið, þjónaði þannig engum tilgangi öðrum en að sýna vald.

#### 6. Skýrslur fulltrúanna.

Í ódagsettri fyrstu skýrslu fulltrúa heilbrigðiseftirlitsins er í upphafi fjallað um elhús leikskólans. Þar er fullyrt að músaskítur hafi fundist víða í eldhúsinu, meðal annars á borðbúnaði.

Staðreyndin er sú að músaskítur var fráleitt á því leirtaui eða borðbúnaði sem var í daglegri notkun. Eins og fram kom voru starfsmenn mjög á verði um tilvist músa í húsnæðinu og höfðu með góðum árangri þegar veitt tvær, eftir að matseljan kom úr barneignarfríi og notaði nú útlagðar gildrur á réttan hátt.

„Setja þarf upp viðeigandi og varanlegar meindýravarnir í eldhúsi og tryggja að húsnæðið sé meindýrahelt“, segir í skýrslunni.

Reynslan sýnir að hús leikskólans eru músaheld, ef til þeirra er vísað með orðalaginu „meindýr“. Frá upphafi hafa þannig slæðst inn að haustlagi ein til tvær mýs og einungis einu sinni fyrr en nú í 40 ára sögu hans 3 mýs. Það bendir til þess að þær eigi ekki aðgang inn í húsið annan en um tilfallandi opnar dyr, því sannarlega er mikið um húsamýs á svæðinu í kringum leikskólann þegar líða tekur á sumarið. Þær hafa sést neyta færiss um að komast inn um opnar dyr, sem þó eru sjálflokandi. Byggingarstjórar í

tveim síðustu nýbyggingum við leikskólann votta að sérstaklega hafi verið gætt að því að gera þær músaheldar og við yfirferð annars þeirra um eldir byggingar kom í ljós að sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar til varnar músum, þannig að þær munu vera músaheldar sömuleiðis.

Heilbrigðisfulltrúarnir tilgerina ekki hvað þeir meina með „viðeigandi, varanlegar meindýravarnir“ og hunsa því einmitt þær sem leikskólinn hefur notað með góðum árangri: Að gæta þess að tilfallandi mús eða mýs hafi ekkert æti í húsnæðinu, að frágangur á matvælum og dagleg þrif í matstofum leikskólans miðist við það sérstaklega, sem er síðan forsenda þess að agn í músagildru virki. Reynslan sýnir einmitt það, að með kólnandi tíð á haustin, þegar aðsókn músa byrjar, þá hafa þessar ein til tvær, sem komis hafa inn um opnar útidyr sum árin, veiðst að því er virðist samstundis.

Leikskólinn hefur því sannarlega haft viðeigandi og varanlega meindýravarnir í húsnæðinu. Beiting þeirra tafðist að þessu sinni um einhverja daga af áður greindum ástæðum, en voru í fullri virkni þegar fulltrúa heilbrigðiseftirlitsins bar að garði.

Heilbrigðisfulltrúarnir byggja þannig kröfu sína um „viðeigandi, varanlegar meindýravarnir“ á algeru virðingarleysi fyrir þeim ráðstöfunum sem leikskólinn hefur gert. Þær eru varanlegar og þær virka og einungis vegna tilfallandi aðstæðna í starfsmannahaldi dróst viðbragð leikskólans að þessu sinni um einhverja daga. Reglan er sú, að með kólnandi tíð hvert haust eru lagðar út einar fimm músagildir með agni sem reynst hefur vel. Sum haust hafa engar mýs veiðst og engra orðið vart, önnur skipti ein, stundum tvær og tvisvar í sögu leikskólans 3, ef sú er meðtalin sem þriggja daga viðbúnaður meindýraeyðisins skilaði samtals.

Það væri því auðvitað vel þegið að fá ráðgjöf um enn skilvirkar varnir gegn músum í Leikskólanum Sælukoti, en vegna umhverfisins, eins og nálægðar matjurtagarðanna, er óraunhæft að gera ráð fyrir að aldrei slæðist mús inn í hús leikskólans. Leikskólinn miðar varnir sínar við þann möguleika og umgengst matvæli og skipuleggur dagleg þrif í samræmi við það.

Í viðbrögðum fulltrúa heilbrigðiseftirlitsins var ekki að finna vott að skilningi á þessum ráðstöfunum leikskólans og forsendum þeirra. Þeir höfðu sýnilega engan áhuga á eða þekkingu til að eiga samstarf við leikskólanna á lausnamiðuðum nótum. Þeir sýndu þvert á móti einbeittan vilja til yfirgangs, ruddalegrar framkomu og óhófs í notkun meintra valdheimilda sinna. Það er auðvitað rannsóknarefni ærði stjórnvalda hvort ástæður þessa liggja hjá persónum þessara fulltrúa eða í sjálfri stjórnsýslumenningu heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Þessi kæra beinist að fyrirskipun fulltrúa heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tafarlausa lokun Leikskólans Sælukots og lokun hans yfirhöfuð. Lokun leikskólans hlýtur að þurfa að réttlætast af heilsufarsegri vá fyrir börn og starfsfólk. Sú vá var ekki til staðar. Á hinn bóginn hefur leikskólinn ætíð og mun ætíð taka öllum ábendingum og tilmælum um úrbætur fagnandi, og það gildir líka um margar þær sem fulltrúarnir settu fram í skýrslu sinni. Leikskólinn mótmælir hins vegar einstrengislegri tilvísun þeirra í reglugerðarákvæði sem eiga alls ekki við í raunverulegum aðstæðum á vettvangi. Dæmi um það er krafa um þjálfunaráætlun fyrir starfsfólk í eldhúsi. Það vildi til að var nýkomin aftur til starfa úr barneignarleyfi matselja sem á farsælan 15 ára starfsferil að bak í leikskólanum. Hún hafði fyrir þá starfstíð þegar öðlast reynslu á þessu sviði. Hún hefur sótt sér þekkingu um matreiðslu á jurtafæði með tilliti til næringargildis fyrir börn sérstaklega. Kannski er orðalag athugasemdarinnar vanhugsað, en að krefja þennan starfsmann að fimmtán árum loknum í starfi um þjálfunaráætlun fyrir starfið hljómar yfirdrifið, svo ekki sé meira sagt. Það sem síðan er tilgreint til hvers „þjálfunaráætlunin“ tekur reynist vera einfaldur atriðalisti sem sjálfsgagt er að fylgja.

„Heilsufarsyfirlýsingar fyrir starfsfólk voru ekki til staðar“, segir síðan. Svo vill til að slík yfirlýsing matseljunnar er í höndum heilbrigðiseftirlits Reykjaíkur frá því 29.06.2023 að hún var umbeðið send fulltrúa eftirlitsins, Pétri, í tölvupósti.

„Engar rekjanleikaupplýsingar til staðar fyrir þurrvöru í plastboxum“: Orðalagið „til staðar“ er hér notað til að horfa fram hjá þeirri staðreynd að leikskólinn hefur bókhald um matvælainnkaup. Það lá ekki frammi í búi eða eldhúsi heldur er þess að leita á skrifstofu leikskólans. Þar koma fram þær upplýsingar, að öll þurrvara hefur verið keypt frá sömu aðilum um árabil, ásamt upplýsingum um pökkunardagsetningar og síðasta söludag. Geymsla þurrvöru í lokuðum plastboxum er hreinlátasta og öruggasta aðferðin við varðveislu þeirra, þar með talið gagnvart mögulegri tilvist músa í húsnæðinu. Ef fulltrúar heilbrigðiseftirlitsins hafa einhverjar hugmyndir um aðrar leiðir til geymslu og meðhöndlunar þurröru, þá er það sjálsagt, en ef karfan er einungis um staðsetningu rekjanleikaupplýsinga vegna hennar, í búi eða eldhúsi eða á skrifstofu leikskólans, þá tekur leikskólinn því.

„Áhöld geymd ofan á þurrvöru“ „[...] Það eykur krossmengunarhættu“.

Ástæða þess að í hvert plastbox hefur sitt eigið áhald til að nálgast innihaldið með er einmitt þetta: Að ekki berist innihald eins box, mengandi eða annað, í önnur box. Með öðrum orðum er þetta gert til að lágmarka krossmengunarhættu.

Þarna reyna fulltrúarnir að finna stað í aðstæðum á vettvangi þessu tiltekna reglugerðarákvæði til varnar krossmengun. Af áhugleysi sínu eða þekkingarleysi á raunverulegum aðstæðum og meðhöndlun þessara matvæla missa þeir sýnilega marks í athugasemd sinni. Þeim til hjálpar mætti trúlega setja sér það verklag að nota einungis áhöld með haldi og að það sé fjarlæggt til uppþvottar eftir hverja notkun. Það verklag, að fjarlægja áhaldið kallar hins vegar á að það sé notað til að nálgast fleiri en eina þurrvöru án þvottar á milli. Þannig að skynsemi segir að best sé að hvert box varðveiti sitt áhald, en áhaldið sé með haldi sem ekki sé í snertingu við innihald boxins.

„Samkvæmt samþykktu teikningu eiga að vera vaskar inni á deildum barna [í nýbyggingu] Ekki er búið að setja upp vaskana“. Þess má geta að nýbyggingin hefur ekki verið tekin til notkunar fyrir börn. Fjarvera vaska var því varla efni til lokunar leikskólans. Þess má einnig geta að lokaúttekt byggingarinnar hefur verið samþykkt af embætti byggingafulltrúa sem gerði ekki athugasemd við fjarveru vaskanna. Það var vegna þess að ekki var litið svo á að skylt væri að hafa þarna vaska, heldur voru þeir ætlaðir til þæginda. Þegar betur var að gáð sýndi reynslan að ekki var heppilegt að hafa þá þarna í færi barna. Sjálfsagt mun arkitekt fá þá breytingu samþykktu innan tíðar ásamt einhverjum öðrum breytingum sem ekki skipta máli með tilliti til reglugerða.

Þetta var auðvitað reynt að útskýra fyrir fulltrúum heilbrigðiseftirlitsins, en sýnilega án árangurs.

„Eitt salerni er fyrir báðar deildir á hvorri deild fyrir sig [ætlaðar 16 börnum hvor] [í nýbyggingu].[...] og er því fjöldi salerna [og handlauga] ófullbægjandi“.

Þarna munar ekki tveim handlaugum og tveim salernum heldur tveim leikskólaplássum, einfaldlega. Það væri hin málefnalega niðurstaða þegar í ljós kemur að þau stjórnvöld misreiknuðu sig, sem samþykktu teikningarnar, sem miða við 16 börn á hvorri deild í stað 15.. En fulltrúunum er meira í mun að krefjast tveggja salerna og tveggja handlauga fyrir samtals tvö börn en að beita lágmarks skynsemi.

„Herbergi sem skilgreint er á teikningu sem tómstundastofa [í nýbyggingu] er nýtt sem hvíldarrými fyrir starfsfólk. Frávik: Nota skal rými skv. Skilgreindri notkun á teikningu. Virða skal reglur um lágmarks rými fyrir hvert barn.“



Hvað er „tómstundastofa“ í leikskóla í hugum fulltrúanna? Hafa börn í leikskóla „tómstundir“ á borð við þær sem fullorðið fólk hefur þegar tími þess er ekki bundinn við vinnu eða aðrar skyldur? Kannski ættu fulltrúarnir að kynna sér ofurlítið hvernig tilveru barna í leikskóla er háttað. Megineinkenni hennar felst í nafninu sjálfu, „leikskóli“. Börnin fylgja vissulega dagskipulagi og forsniðnum stundum af ýmsu tagi sem allar miða að velferð, þroska þeirra og menntun. Allar miða þessar stundir að fúsri og áhugasamri þátttöku barnanna í þeim viðfangsefnum sem þær eru helgaðar. Ef eitthvað kæmist í námunda við hugmyndina um sérstakar „tómstundir“ barnanna sem andstæðu við aðrar stundir þeirra í leikskólanum, þá væri það helst það sem á máli kennara þeirra er kallað „frjáls leikur“. Hann getur sannarlega átt sér stað nánast hvar sem er, úti sem inni, og vissulega eru sum rými hentugri fyrir hann en önnur. Það kæmi til greina að helga honum sérstakt rými innandyra, en þá myndi það trúlega kallast á samþykktari teikningu „Frjáls leikstofa“ eða eitthvað slíkt.

Nei, því miður, verður næstum að segjast, „Tómstundastofa“ á samþykktari teikningu á nýbyggingunni ber einfaldlega nafn með rentu. Starfsmönnum er auðvitað frjálst að nýta hana að vild sinni í, einmitt, tómstundum sínum. Heilbrigðisfulltrúarnir sáu þess merki að þeir hefðu notað aðstöðuna til aðhvíla sig, og hugmyndaflug þeirra bauð þeim að þarna væri þessi vondi leikskóli að ræna börnin aðstöðu til tómstunda og ræna þau tómstundum þeirra þar með.

„Veggfasta skammtara [...] vantar [o.s.frv.]“

Leikskólinn ætlar ekki að fara í þrætu á muninum, með tilliti til hreinlætis, á veggföstum skömmturum á sápu og gerilsneyðingarvökva og veggföstum statífum fyrir einnota skammtara af sama tagi. Leikskólinn er þó ekki viss um að síðar nefnda útfærslan standist ekki reglugerðarákvæði. Hún er áberandi skynsamlegri að því leyti að hægara er að tryggja að nýr skammtari sé tiltækur notendum þegar sá tæmist sem er í statífinu. En á þessum vettvangi er ekki verið að ræða út frá skynsemissjónarmiðum, svo leikskólinn einfaldlega setur upp veggfasta skammtara þar sem þá vantar.

„Innra eftirlit er ekki virkt á deildum leikskólans“.

Hver deildarstjóri ber ábyrgð á þeim þrifum sem kennurum er ætlað að sinna á hverri deild. Þeir starfa eftir gátlista sem varðveittur er sérstakri skrá í farsíma hverrar deildar ásamt mörgu öðru efni sem tilheyrir stafi þeirra. Það er auðvitað sjónarmið að hafa þennan gátlista á prenti eins og áður tíðkaðist, en fullyrðingin um að innra eftirlit á deildum sé í þessum efnum ekki virkt er efnislega alröng.

„Rúmföt: rúmföt eru ekki geymd aðskilin.“

Þetta er efnislega rangt. Hvert barn hefur dýnu til að sofa á. Ofan á þessari dýnu er lín barnsins. Að miðdegislúr loknum er líninu rúllað inn í dýnuna og þær vistaðar í opnum hólfulum í skáp. Línin snertast ekki, en neðri flötur upprúllaðra dýnanna gerir það. Fulltrúar heilbrigðiseftirlitsins eru ekki til viðtals um hvaða heilsufarslegir vankantar eru á þessari ráðstöfun en ákveða einfaldlega að hún sé ekki samkvæm reglugerð. Leikskólinn tekur því með jafnaðargeði.

„Á deildinni er starfsfólk að geyma föt [sín] á snaga inni á deildum“.

Þarna er um að ræða vinnufatnað kennaranna, þar með talið þann sem þeir klæðast þegar þeir eru að mála með vatnslitum með börnunum. Fulltrúum heilbrigðiseftirlitsins er vorkunn að greina ekki á milli persónulegs klæðnaðar og vinnufatnaðar. Hvort kennurum er síðan óheimilt að geyma vinnufatnað inni í leikskólastofum verður að vera á huldu um sinn.

„Laus gádnubönd eru víða á deildum [...]“

Það kann að vera rétt, en í mati á heilsufarslegri vá þess er rétt að geta þess að gluggakistur eru í þessum tilvikum í 90 cm hæð og ókleif yngri börnunum á meðan hin eldri sæta þeim reglum að mega ekki klifra upp í þær. Þar fyrir er sjálfsagt mál að lagfæra þetta.

„Dining hall Börn af mismunandi deildum eru látin sofa í gluggalausu rými sem er skilgreint sem geymsla á teikningu.“

Hér vaknar spurningin hvort gluggaleysi rýmisins sé aðfinnsluvert eða einungis röng notkun þess miðað við samþykka teikningu. Það þyrfti að fá úr því skorið áður en arkitektinn er beðinn um að endurskilgreina notkun þess. „Börn [...] látin sofa í gluggalausu rými“ hljómar vissulega ekki vel, en þetta rými varð gluggalaust við tilkomu nýbyggingarinnar og í áformum um flutning á eldhúsi leikskólans í rýmið fyrir framan var því ætlað að þjóna sem búr. Þau áform breyttust en skilgreiningin varð eftir. Þegar gluggi rýmisins var tekinn af var komið fyrir sérstakri loftræstingu í rýminu sem er vel virk. Börn sofa vel í rökkri eða myrkri, þannig að frá því sjónarmiði hentar þetta rými vel fyrir miðdegislúr barna. Þar til hlutverki þess hefur verið breytt á samþykktari teikningu munu börnin vissulega sofa annars staðar. Annars er hér sem víða í texta fulltrúanna áhugavert að skoða hvaða aukaatriði eru tilgreind. „Görn af mismunandi deildum“. Væri á því munur, heilsufarslega séð, að þarna væru einungis „látin sofa“ börn af einni og sömu deildinni?

„Gólf eru slitin og erfið í þrifum.“

Þetta er einfaldlega rangar fullyrðingar.

„[Vetrarbraut] (deild á annarri hæð skólans)“:

„[...] Eitt salerni er til staðar, en á deildinni eru 22 börn. [Að sögn er áætlað að bæta 7 börnum við á deildina.“

Hér gefa fulltrúarnir sér að deildin hafi einungis þessa hæð til afnota. Þar er rangt. Deildin hefur áður nefnt „Dining hall“ til umráða líka ásamt snyrtiaðstöðu“.

„Teppi á gólfum sem er erfitt í þrifum“.

Hvað er svona erfitt í þrifum á snögghærðu teppi? Er það viðurkennt lögmál eða vantaði eitthvað upp á þrif á umræddu teppi, að mati fulltrúanna?

Á hinn bóginn er enginn missir af teppinu við núverandi og breyttar aðstæður og því útlátalaust að fjarlægja það.

„[Stjörnuþoka]

[...] Búið er að byggja skiptiborð yfir salernin, engin salerni eru því aðgengileg fyrir börn.“

Á hvaða aldri eru börni á þessari deild yngstu barnanna í leikskólanum? Ungur aldur þeirra kallar á rýmri aðstöðu til bleyjuskipta en lesa mætti út úr þeim reglugerðarákvæðum sem fulltrúarnir vísa til. Samsvarandi er nákvæmlega engin þörf á salernum fyrir þessi börn.

En kynni leikskólans af fulltrúum heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur kennt honum að heilbrigð skynsemi gildir hér ekki og hefur því leyft þessum tveim tilgangslausu salernum að njóta lífsins inni á snyrtingunni.

„[Himinn]

Ekki er skilrúm á milli salerna. Frávik. Skv. Reglugerð um hollustuhætti: Aðstaðan stendur ekki vörð um líkamleg[a] friðhelgi barna“.

Hver væri viðeigandi fjölmiðlauppsláttur eftir þessa ádrepu? Þarna eru börn á tveggja ára aldri og þar um kring, sum ennþá með bleyju en að venjast salernisnotkun eftir föngum. Líkamleg friðhelgi þeirra er ekki bundin við salernisnotkun heldur er hún meginregla í allri umgengni við þau, fyrir samskipti þeirra og siðfræðimenntun. Það gildir að þau geti sinnt náttúrulegum þörfum sínum og þeim sé þjónað um þær kinnroðalaust. Friðhelgi þeirra á salerni helgast ekki af því á þessum aldri að þau fari í felur með náttúrulegar þarfir sínar heldur að fyrir þeim sé borin virðing. Það er útlátalaust að setja skilrúm á milli salernanna á Himni, en það er merkingarlega út í hött og trúlega andstætt heilbrigðum markmiðum um að efla hjá börnunum virðingu fyrir öðrum börnum og sjálfsvirðingu og sjálfstraust ekki síður. En að ræða það við fulltrúa heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er trúlega vandinn meiri.

„Þrif“

Fulltrúarnir gerðu í úttekt sinni ekki greinarmun á frávikum í djúpprifum og daglegum þrifum. Með öðrum orðum á þrifum á snertiflötum við börn og starfsfólk og hinum sem beinast að óþrifum sem safnast á staði sem ekki eru í slíkri snertingu. Með tilliti til heilsufars er á því mikill munur. Leikskólinn notar sumarfrí og tíma á milli jóla og nýárs til djúpprifa. Vegna mikilla umsvifa við nýbyggingu og breytingar á eldhúsi í eldri hluta húsnæðisins ásamt fleiru gafst ekki eðlilegt svigrúm til nægilegra djúpprifa sem þannig færðust yfir á tímum á milli hátíða. Það er rangt að daglegum þrifum hafi heilt yfir verið ábótavant þótt merkja mætti einstök tilvik sem kölluðu á úrbætur. Til að merkja má fullyrða að vel hafi verið gætt að því að hvergi yrðu skildar eftir matarleifar, svo sem með kámi undir borðbrún eða á stólum barnanna. Eftir hverja máltíð eru gólf og húsgögn í matstofum þrifu, gólf sópuð og þvegin þegar ástæða er til og borð og stólar þvegnir. „Almenn ásýnd var ekki góð vegna vanþrifa“, segir í skýrslunni. Það er rangt. Sú „ásýnd“ sem fulltrúar heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vísa til er sú sem þeir grófu fram á stöðum sem ekki sæta daglegum þrifum. Það er óheiðarleg framsetning á veruleikanum og staðreyndum um hann.

Litlu er við þetta að bæta vegna skýrslna heilbrigðisfulltrúanna frá síðari heimsóknum þeirra. Á einum stað er krafist úrbóta á því að málning í stigaprepum í klifurkastala utandyra hefur máðst af við mikla notkun barnanna. Það er á huldu hvaða heilbrigðisvá gæti stafað af þessum ummerkjum um leikgleði barnanna, en þetta leiktæki er gert úr fúavörðu efni og málað einungis til að gleðja börnin. Í annarri athugasemd um ástand leiksvæðisins útivið er sagt að ryð hafi fundist í festingum á rólum barnanna. Það er að vísu laukrétt athugað, en hefur ekkert með heilbrigði eða öryggi þessara leiktækja að gera. Járn eða stál tekur á sig merki um ryð, sem felur í sér efnahvörf á yfirborði þess. Vissulega getur langvarandi ryð valdið tæringu viðkomandi hlutar en engin merki eru um tæringu á þessum festingum. Þær eru enda úr frekar hörðu stáli og tærast því mjög hægt ef nokkuð við þessar aðstæður. Leikskólinn fylgist grannt með ástandi leiktækja inni sem úti og veit vissulega af umræddu ryði, en þyrfti nánari greinargerð heilbrigðisfulltrúanna um hættuna sem af því stafar eða það ber vott um til að sjá skynsamlega ástæðu til að bregðast við.

Athygli vekur, að engin skýrsla hefur borist um síðustu heimsókn heilbrigðisfulltrúanna í leikskólann í fylgd yfirmanns heilbrigðiseftirlitsins og fulltrúa frá SFS. Hún ætti þó ekki að þurfa að vera löng.

7. Niðurstöður.

Sú aðgerð fulltrúa heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að fyrirskipa tafarlausa lokun leikskólans Sælukots um miðjan eftirmiddag þriðjudaginn 5. nóvember 2024 var hóflaus og án málefnalegar ástæðu. Sú heilbrigðisvá sem gæti réttlætt svo harkalega aðgerð var ekki fyrir hendi. Ef bara er tekið tillit til þess að börnin áttu á þessari stundu einn til tvo tíma eftir af veru sinni í leikskólanum þennan dag blasir við fáránleiki þessarar fyrirskipunar sem réttlættist af ástandi sem hafði sýnilega varað um nokkurn tíma. Ómögulegt er að draga aðrar ályktanir af þessu framferði fulltrúanna en þær, að þeir hafi viljað neyta valds síns til að valda leikskólanum sem mestum skaða. Það er sálfræðileg spurning hver hvöt

sjálf valdbeitingin var þeim í gerðum þeirra og að hvaða marki hún óx í sinni þeirra í samskiptum þeirra við rekstrarstjóra leikskólans . Það er spurning um andúð þeirra á leikskólanum að vilja valda honum þeim augljósa skaða sem fyrirskipunin um lokun hans myndi valda.

8. Kæra.

Leikskólinn Sælukot kærir hér með fulltrúa heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem komu í leikskólann þriðjudaginn 5.11.2024 fyrir

a) hóflausa beitingu valds með fyrirskipun þeirra um lokun, hvað þá tafarlausa lokun leikskólans um miðjan eftirmiðdag þennan dag.

b) ófaglega og ruddalega framkomu við rekstrarstjóra leikskólans í þeirri heimsókn;

c) einstrengislegar tilvísunar í reglugerðartexta án tillits til aðstæðna eða almennrar skynsemi;

e) að gera ekki greinarmun á daglegum þrifum og djúpprifum í húsnæði leikskólans með það að markmiði að réttlæta heilsufarslega nausðyn á lokun leikskólans;

Engin hlutlæg rök hafa verið sett fram um nauðsyn þessarar fyrirskipunar. Það út af fyrir sig staðfestir að engin heilsufarsleg vafði yfir börnum eða starfsmönnum leikskólans. Flestar athugasemdir fulltrúanna um þrif og búnað í leikskólanum beindust ekki að daglegum þrifum heldur vörðuðu nauðsyn á allsherjarþrifum og með því óþrif sem börn og starfsmenn voru ekki í snertingu við. Það er síðan auðvitað ómálefnalegt og beinlínis óvísindalegt að gera ráð fyrir að í hvers skipti sem mús sleppur inn um dyr á leikskóla skuli honum lokað uns músin hafi verið fjarlægð. Öll framganga fulltrúanna einkenndist af hömlulausum vilja til valdbeitingar og allur eftirleikurinn hefur miðast við að réttlæta þessa valdbeitingu. Skýrslur fulltrúanna vitna um þann vilja þar sem í mörgum atriðum er horft fram hjá heilbrigðri skynsemi og aðstæðum eða einfaldlega farið rangt með staðreyndir máls. Eftir stendur að þeim ábendingum, aðfinnslum og kröfum um úrbætur sem standast mál hefði verið hægt að mæta með viðeigandi úrbótum án lokunar.

Gert í Leikskólanum Sælukoti þann 5. Desember 2024.

Með virðingu; Gunnlaugur Sigurðsson, leikskólastjóri



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2025

USK25010060

**Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í máli nr. 172/2024, kæra Gunnlaugs Sigurðssonar, leikskólastjóra leikskólans Sælukots, móttekin dags. 12. desember 2024.**

**Í framangreindri kæru er kært framferði heilbrigðisfulltrúa Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, í leikskólanum Sælukoti þann 5. nóvember 2024.**

### Málavextir

Þann 5. nóvember 2024 fóru tveir heilbrigðisfulltrúar í reglubundið eftirlit með húsnæði leikskólans og í úttekt á nýrri viðbyggingu leikskólans Sælukots, Þorragötu 1. Rætt var við rekstrarstjóra leikskólans, og húsnæðið skoðað í hennar fylgd m.t.t. öryggis og hollustuhátta. Í eftirlitinu kom m.a. í ljós óþrifnaður og mikil ummerki um meindýr. Í eftirlitinu var húsnæðið metið heilsuspillandi. Tekin var ákvörðun um að stöðva þyrfti starfsemina til bráðabirgða sbr. 63. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í bréfi dags. 6. nóvember 2024 kom fram að áður en leikskólinn tæki til starfa að nýju þyrfti að útrýma meindýrum úr húsnæðinu og gera það meindýrahelt. Skila þyrfti skýrslu frá meindýraeyði um aðgerðir, gera allsherjar hreingerningu á húsnæði leikskólans og búnaði og lagfæra handþvottaaðstöðu. Frestur til þess að gera aðrar úrbætur var ákveðinn til og með 25. nóvember 2024.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sendi leikskólastjóra Sælukots bréfið sem dagsett var 6. nóvember 2024 með tölvupósti. Í tölvupóstinum var óskað eftir staðfestingu á móttöku bréfsins. Sú staðfesting barst ekki. Heilbrigðisfulltrúar fóru með bréfið í leikskólann þann 7. nóvember, þar sem leikskólastjórinn staðfesti móttöku bréfsins með undirskrift sinni.

Leikskólastjóri Sælukots hafði samband við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með tölvupósti, um hádegisbil þann 8. nóvember 2024. Í tölvupóstinum var upplýst að búið væri að uppfylla þær kröfur sem þyrfti til að aflétta lokun leikskólans, heilbrigðisfulltrúar voru beðnir um að koma á staðinn samdægurs til að taka út úrbæturnar, sem var gert. Í lok eftirlitsins var upplýst um að leyfilegt væri að opna leikskólann á ný á mánudagsmorgun þann 11. nóvember, þar sem úrbætur væru metnar fullnægjandi.



### Málsástæður og kröfugerð

Í kæru kemur fram að kærð sé ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tímabundna lokun leikskólans. Kærandi mótmælir þá einnig ýmsum atriðum sem skráð voru sem frávik í eftirlitsskýrslu, um málsástæður vísast að öðru leiti til kæru. Ekki er fyllilega skýrt hvers kærandi krefst en í ljósi þess að fyrirskipun um stöðvun starfseminnar hefur verið aflétt og leikskólinn aftur tekið til starfa er gert ráð fyrir því að kærandi krefji úrskurðarnefndina um viðurkenningu þess að stöðvun starfseminnar hafi verið óþörf.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur krefst þess að kröfum kæranda verði hafnað eða vísað frá.

### Afstaða Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Fyrst verður bent á að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) telur rétt að til skoðunar komi að vísa málinu frá nefndinni af tvenns konar ástæðum. Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er mælt fyrir um að kærufrestur til úrskurðarnefndarinnar sé einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um hina kærðu ákvörðun. Rekstrarstjóri leikskólans undirritaði eftirlitsskýrslu þann 5. nóvember 2024, þar sem fram kom að þar sem heilnæmi og öryggi sé ekki tryggt yrði leikskólinn lokaður þar til fullnægjandi úrbætur hafi verið gerðar og teknar út af Heilbrigðiseftirliti. Kæranda mátti því vera kunnugt um ákvörðunina þann 5. nóvember. Bréf um stöðvun starfsemi til bráðabirgða, dagsett 6. nóvember 2024 var undirritað af leikskólastjóra þann 7. nóvember. Kæra í máli þessu barst nefndinni 10. desember 2024, eða að liðnum lögbundnum kærufresti og er því rétt að vísa henni vísað frá nefndinni, sbr. 1. mgr. 28. gr. stjórnisýslulag nr. 37/1993.

Í öðru lagi, samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, er meginreglan sú að þeir einir geti kært stjórnvaldsákvarðanir til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á. Hin kærða ákvörðun frá 6. nóvember 2024 um stöðvun starfsemi til bráðabirgða hefur verið afturkölluð og er því ljóst að hún hefur ekki lengur réttarverkan. Af þeim sökum telur HER að kærandi hafi ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr um gildi hennar og verður kærumáli þessu því vísað frá úrskurðarnefndinni.

Kæruheimild til nefndarinnar sem mál þetta byggir á er að finna í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna stjórnvaldsákvarðana sem teknar eru á grundvelli þeirra laga. Umsögn þessi einskorðast við hvort hin kæranlega stjórnvaldsákvörðun sem málið fjallar um, þ.e. ákvörðun um stöðvun starfsemi til bráðabirgða, sé ógildanleg. Aðrar athugasemdir kæranda sem snúast ekki um kæranlegar stjórnvaldsákvarðanir verða ekki teknar til umfjöllunar.

Líkt og fram kemur í eftirlitsskýrslu, dags. 5. nóvember og í bréfi dags. 6. nóvember 2024 var ákvörðun um stöðvun starfseminnar fyrst og fremst tekin vegna mikilla ummerkja um meindýr í húsnæðinu. Heilbrigðisfulltrúar sáu músaskít víða í eldhúsi, í



## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

skúffum og skápum undir innréttingu, við kæli og uppvottavél og einnig á borðbúnaði, þ.á.m. diskum og bökkum. Músagildir voru í skáp í eldhúsi og inn á þurrvörulager. Einnig voru ummerki um meindýr í öðrum rýmum húsnæðisins.

Samkvæmt 17. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024 telst húsnæði heilsuspillandi þegar ástand þess er á þann hátt að það hefur áhrif á flesta eða alla sem þar dvelja að jafnaði og er skaðlegt heilsu þeirra, t.d. vegna meindýra. Af ofangreindum ástæðum mátu heilbrigðisfulltrúar húsnæðið heilsuspillandi og töldu nauðsynlegt að starfsemi leikskólans yrði stöðvuð til bráðabirgða skv. 63. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti þar til meindýrum væri útrýmt, húsnæðið þrifið og gert meindýrahelt.

Heilbrigðisfulltrúar eru sérfræðingar á sínu sviði sem starfa í umboði heilbrigðisnefndar skv. 1. mgr. 49. gr. laga um hollustuhætti. Starfsemin sem um ræðir snýr að sérlega viðkvæmum hópi, þ.e. börnum og er ekkert fram komið sem rengir það sérfræðimat heilbrigðisfulltrúa á vettvangi að húsnæðið hafi verið heilsuspillandi þann 5. nóvember 2024 er eftirlit fór fram, sbr. ákvæði 17. gr. reglugerðar um hollustuhætti. Það var, og er mat heilbrigðisfulltrúa að börnum í leikskólanum hafi stafað alvarleg hættu af starfseminni og að þær aðgerðir sem krafist var hafi ekki þolað bið.

### Niðurstaða

Í ljósi framangreinds verður talið að ekkert hafi komið fram sem getur valdið ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar og ítrekar Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni eða vísi frá kröfum kærenda í málinu. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kærðu og í umsögn þessari er þess óskað að Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

*Suædis K Bergmann*  
Snædís Karlsdóttir Bergmann, lögfræðingur



**Fylgigögn:**

1. *Eftirlitsskýrsla vegna eftirlits 5. nóvember 2024*
2. *Myndir teknar í eftirliti 5. nóvember 2024*
3. *Undirrituð móttaka fyrirmæla um lokun 5. nóvember 2024*
4. *Bréf dagsett 6. nóvember 2024 - undirritað móttakið*
5. *Eftirlitsskýrsla vegna eftirfylgni 8. nóvember 2024*
6. *Andmæli vegna lokunar sem leikskólastjóri afhenti heilbrigðisfulltrúa þann 26. nóvember 2024*





Árið 2025, þriðjudaginn 4. febrúar, tók Arnór Snæbjörnsson, formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, með heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 130/2011, fyrir:

**Mál nr. 172/2024, kæra vegna ákvörðunar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 5. nóvember 2024 um tímabundna lokun leikskólans Sælukots**

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

**úrskurður:**

Með kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, er barst nefndinni 10. desember 2024, kærir Gunnlaugur Sigurðsson, leikskólastjóri, „framferði fulltrúa Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í leikskólanum Sælukoti þann. 5. nóvember 2024“. Nefndin skilur málatilbúnað kæranda á þann veg að kærð sé ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 5. nóvember 2024 um að loka tímabundið leikskólanum Sælukoti í kjölfar þess að húsnæði skólans var við eftirlit metið heilsuspillandi.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 14.janúar 2025.

**Málavextir:** Þann 5. nóvember 2024 fóru tveir heilbrigðisfulltrúar í reglubundið eftirlit og í úttekt á nýrri viðbyggingu leikskólans Sælukots. Í ljós kom m.a. óþrifnaður og mikil ummerki um meindýr og var húsnæðið metið heilsuspillandi. Heilbrigðiseftirlitið tók ákvörðun um að stöðva þyrfti starfsemina til bráðabirgða, sbr. 63. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Með bréfi dags. 6. nóvember 2024 upplýsti Heilbrigðiseftirlitið leikskólann um hvaða úrbætur þyrfti að gera áður en leikskólinn gæti tekið til starfa að nýju. Þann 8. nóvember 2024 upplýsti leikskólastjórinn að búið væri að uppfylla þær kröfur sem þyrfti til að aflétta lokun leikskólans og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa sama dag var upplýst að úrbætur væru metnar fullnægjandi og að leyfilegt yrði að opna leikskólann á ný þann 11. nóvember 2024.

**Málsrök kæranda:** Kærandi greinir frá því að tveir fulltrúar Heilbrigðiseftirlitsins hafi þann 5. nóvember 2024 komið til að taka út húsnæði leikskólans Sælukots. Við úttektina hafi fulltrúarnir fundið músagildir og ummerki um mýs og fyrirskipað tafarlausa lokun leikskólans. Sú fyrirskipan hafi verið „hóflaus og án málefnalegar ástæðu“ því sú heilbrigðisógn sem til staðar hafi verið gæti ekki réttlætt svo harkalegar aðgerðir. Kærð sé sú hóflausa valdbeiting sem í þessu hafi falist, ófagleg og ruddaleg framkoma, einstrengingslegar tilvísanir í reglugerðartexta og að ekki hafi verið gerður greinarmunur á mismunandi tegundum þrifa í húsnæði leikskólans. Álitur kæranda að hægt hefði verið að mæta úrbótakröfum án þess að loka leikskólanum.

**Málsrök Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur:** Heilbrigðiseftirlitið bendir á að í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sé mælt fyrir um að kærufrestur til úrskurðarnefndarinnar sé einn mándur frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um hina kærðu ákvörðun. Rekstrarstjóri leikskólans hafi undirritað eftirlitsskýrslu þann 5. nóvember 2024 þar sem fram komi að þar sem heilnæmi og öryggi væri ekki tryggt

yrði leikskólinn lokaður þar til fullnægjandi úrbætur hefðu verið gerðar og teknar út. Kæranda hafi því mátt vera kunnugt um ákvörðunina þann 5. nóvember. Bréf um stöðvun starfsemi til bráðabirgða, dagsett 6. nóvember 2024 var undirritað af leikskólastjóra 7. nóvember 2024. Kæra í málinu hafi borist úrskurðarnefndinni 10. desember 2024. Kæran hafi því borist of seint og með vísan til 1. mgr. 28. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 beri því að vísa henni frá nefndinni.

Heilbrigðiseftirlitið bendir einnig á að skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 sé meginreglan sú að þeir einir geti kært stjórnvaldsákvörðanir til úrskurðarnefndarinnar sem eigi lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á. Hin kærða ákvörðun frá 6. nóvember 2024 um stöðvun starfsemi til bráðabirgða hafi verið afturkölluð og sé því ljóst að hún hafi ekki lengur réttarverkan. Af þeim sökum hafi kærandi ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr um gildi hennar og því ætti að vísa kærinni frá úrskurðarnefndinni.

Aðilar máls þessa hafa fært fram ítarlegri rök fyrir máli sínu, sem ekki verða rakin hér frekar, en úrskurðarnefndin hefur haft þau öll til hliðsjónar við úrlausn málsins.

**Niðurstaða:** Í máli þessu er kærð sú ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 5. nóvember 2024, að loka tímabundið leikskólanum Sælukoti í kjölfar þess að við eftirlit hafði komið í ljós ummerki eftir mýs og að heilnæmi og öryggi væri ekki tryggt í leikskólanum. Rekstrarstjóri leikskólans undirritaði og staðfesti móttöku á eftirlitsskýrslu þann 5. nóvember þar sem fram kom að loka þyrfti leikskólanum. Bréf um stöðvun starfsemi leikskólans dags. 6. nóvember, með ítarlegum upplýsingum um kærurétt og fresti vegna kæru til úrskurðarnefndarinnar, var samkvæmt upplýsingum Heilbrigðiseftirlitsins afhent og staðfest móttakið af kæranda þann 7. nóvember.

Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er mælt fyrir um að kærufrestur til úrskurðarnefndarinnar sé einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Álíta verður að kæranda hafi orðið kunnugt um ákvörðun um lokun leikskólans þegar eftirlitsskýrsla var undirrituð af starfsmanni leikskólans 5. nóvember og að kærandi hafi fengið upplýsingar um kærurétt til úrskurðarnefndarinnar eigi síðar en 7. nóvember 2024. Kæra í máli þessu barst úrskurðarnefndinni meira en mánuði síðar, 10. desember 2024.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 skal vísa kæru frá hafi hún borist að liðnum kærufresti nema afsakanlegt verði talið að kæran hafi ekki borist fyrr, sbr. 1. tl. 1. mgr. 28. gr. eða veigamiklar ástæður mæli með því að kæran verði tekin til efnis meðferðar, sbr. 2. tl. ákvæðisins. Ekki verður talið eins og atvikum er háttað, m.a. í ljósi þess að lokun leikskólans var aflétt þann 11. nóvember 2024, að ástæða sé til að taka málið til meðferðar að liðnum kærufresti.

Með hliðsjón af framangreindu verður kærumáli þessu vísað frá úrskurðarnefndinni.

### Úrskurðarorð:

Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

---

Arnór Snæbjörnsson (sign)